

2343. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 13. febrúar 2026 og hófst kl. 17:30. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason

Á Teams:

Þorkell Máni Pétursson

Forföll:

Börkur Edvardsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Tinna Hrunn Hlynisdóttir

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri
Ómar Smáráson sviðsstjóri markaðssviðs sem
ritaði fundargerð

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2342). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda.
 - a. Þrjár fundargerðir nefnda lagðar fram:
 - i. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 10. febrúar þar sem fjallað var um uppgjör ársins 2025 og áætlun ársins 2026.
 - ii. Fundargerð grasrótarnefndar frá 9. febrúar þar sem m.a. var fjallað um þátttökukostnað félaga, grasrótarverðlaun KSÍ og ýmis verkefni sem eru framundan.
 - iii. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 4. febrúar þar sem m.a. var fjallað um sjúkragögn og skyndihjálparnámskeið.
3. Fjármál - Ársreikningur 2025 og fjárhagsáætlun 2026.
 - a. Endurskoðendur KSÍ, þau Birna María Sigurðardóttir og Kristján Þór Ragnarsson frá Deloitte, kynntu ársreikning KSÍ fyrir árið 2025 og fjölluðu um lykiltölur. Rekstrarniðurstaða ársins 2025 er heilt yfir í takti við áætlanir. Reikningurinn verður sendur í rafræna undirritun.
 - b. Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri kynnti fjárhagsáætlun ársins 2026, fór yfir lykiltölur og helstu frávík.
4. Ársþing KSÍ 2026 - Egilsstöðum 28. febrúar
 - a. Þorvaldur Örlygsson formaður greindi frá því að allir þeir núverandi stjórnarmenn sem eru í kjöri á komandi ársþingi KSÍ hafi ákveðið að gefa kost á sér til áframhaldandi starfa. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri fór yfir þær tillögur sem liggja fyrir ársþingi KSÍ og fór jafnframt yfir ýmis hagnýt atriði - undirbúning, dagskrá og fleira. Undir þessum lið

ræddu stjórnarmenn almennt um ársþing KSÍ, skipulag þess og framkvæmd.

5. Önnur mál.

- a. Nýlega tilkynnti mennta- og barnamálaráðuneytið um tæplega tveggja milljarða króna framlag í uppbyggingu íþróttastarfs á árinu 2026, m.a. að framlag í ferðasjóð íþróttafélaga tvöfaldist (*Vefur Stjórnarráðsins 11. febrúar 2026*).
 - i. *Stjórn KSÍ vill koma á framfæri þökkum til ríkisins vegna þessarar ákvörðunar. Stjórnin fagnar framtakinu og hvetur stjórnvöld til áframhaldandi og aukins stuðnings við íþróttir almennt - við bæði grasrótar- og afreksstarf.*
- b. Halldór Breiðfjörð greindi frá tilnefningum til heiðursviðurkenninga KSÍ, meðal annars í tengslum við komandi ársþing.

Fundi slitið kl. 19:50.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næsti fundur boðaður 27. febrúar.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir